

## Minnisblað

Til: Borgarráðs

Efni: Frumvarp að fjárhagsáætlun og uppfærð þjóðhagsspá Hagstofu Íslands

Frá: Fjármálastjóra

Þjóðhagsforsendur fjárhagsáætlunar 2019-2023 byggja að mestu leyti á hagspá Hagstofu Íslands sem birt var 1. júní sl. Þann 2. nóvember sl., birti Hagstofan uppfærða þjóðhagsspá um framvindu í efnahagsmálum næstu 5 árin, sbr. eftirfarandi töflu:

Tafla 1: Þjóðhagsspá 1. nóv. 2018

Breytingar milli ársmeðaltala %	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Einkaneysla	7,9	4,9	3,8	3,0	2,8	2,7	2,6
Samneysla	3,1	3,3	1,9	1,9	1,7	2	2,1
Fjármunamyndun	9,5	4,5	2,8	4,3	1,4	1,8	3,9
Útflutningur vöru og þjónustu	4,8	3,4	2,7	2,6	2,6	2,6	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu	5,5	3,1	2,4	2,8	2,5	2,8	2,6
Verg landsframleiðsla	12,5	4,7	3,9	3,7	2,2	2,4	2,8
Vísitala neysluverðs	1,8	2,7	3,6	3,3	2,9	2,6	2,6
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	-10,9	2,3	3,3	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala*	6,9	6,2	6,0	4,5	4,2	4,2	4,1

\* Útreiknað út frá kaupmætti launa og VNV

Breytingarnar sem hér um ræðir koma fram í töflunni hér að neðan en þar eru birt frávík uppfærðu spárinnar frá júnispánni, þ.e.a.s. nóvemberspá – júnispá:

Tafla 2: Mismunur á þjóðhagsspá 1. nóv. 2018 og 1. júní 2018

Breytingar milli ársmeðaltala %	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Einkaneysla	0,1	-0,4	-0,1	-0,1	-0,1	0	0,1
Samneysla	0,5	0,8	-0,2	0,0	0,0	0,1	0,2
Fjármunamyndun	0,2	1,3	-2,1	0,7	-0,3	-0,4	0,4
Útflutningur vöru og þjónustu	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0	0
Innflutningur vöru og þjónustu	-6,4	-3,3	-2,7	-0,2	0,1	0,5	0,1
Verg landsframleiðsla	8,9	1,8	1,2	1,0	-0,3	-0,2	0,3
Vísitala neysluverðs	0,0	0,0	0,7	0,6	0,3	0	0,1
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	0,0	2,3	3,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala*	0,0	0,3	0,0	0,1	0,0	0,0	0,0

\* Útreiknað út frá kaupmætti launa og VNV

Helstu breytingar sem hafa áhrif á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2019 tengjast verðlagsþróun en breyttar forsendur um gengisþróun varða einkum Orkuveitu Reykjavíkur og þar með samstæðu Reykjavíkurborgar.

Skv. reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga skulu sveitarfélög við vinnslu fjárhagsáætlunar styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á, sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 1212/2015. Það er mat fjármálaskrifstofu að umræddar breytingar séu ekki ýkja miklar en að ákvæði reglugerðar feli í sér býsna skýr fyrirmæli um að endurskoða beri forsendur fjárhagsáætlunar 2019 hvað varðar verðlag og gengi fyrir afgreiðslu hennar 4. des. 2018.



*Birgir Björn Sigurjónsson,*  
fjármálastjóri